

Náttúrufræðistofnun Íslands
Urriðaholtsstræti 6-8 Pósthólf 125
212 Garðabær

Reykjavík, 2. júní 2022
UST202205-371/Þ.V.B.
09.05.01

Efni: Umsókn um leyfi til rannsókna - Melrakkaey

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Náttúrufræðistofnunar Íslands, dagsett 30. maí 2022, um leyfi til að fara í landi í Melrakkaey.

Melrakkaey er friðlýst sem friðland skv. auglýsingu nr. 118/1974. Bannað er að fara í eyna án leyfis Umhverfisstofnunar eða umboðsmanns hennar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um fararleyfi í Melrakkaey til að stunda rannsóknir á sjófuglum. Verkefnið er partur af alþjóðlegu sjófuglaverkefni SEATRACK. Þessi verkhluti snýr að því að kanna vetrarstöðvar toppskarfs og hvítmáfs. Fuglarnir eru fangaðir með snörum, merktir, sýni tekið og þeim sleppt aftur. Aðferðin hefur sýnt bæði héraendis og erlendis að hún hefur mjög lítil áhrif á dýrin. Hámark fjórar manneskjur munu koma að verkefninu sem mun fara fram 5. júní - 15. júní 2022 og 5. júní - 15. júní 2023. Farið er í eyna á bát og verður dvalið í einn til tvo sólarhringa á tímabilinu. Ekki er þörf að nota nein önnur vélknúin tæki í eygni.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun telur að verkefnið muni hafa óveruleg áhrif á verndargildi svæðisins enda aðeins um að ræða tímabundna truflun á fuglavarpi. Ekki er talið að rannsókn valdi skaða á friðlýsta svæðinu sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Umhverfisstofnun hefur síðustu ár veitt leyfi fyrir sambærilegri rannsókn í Melrakkaey.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Náttúrufræðistofnun Íslands fyrir sitt leyti leyfi til að fara í land í Melrakkaey sbr. lýsingu hér að ofan 5. júní - 15. júní 2022 og 5. júní - 15. júní 2023 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Leyfið gildir fyrir tímabil 5. júní - 15. júní 2022 og 5. júní - 15. júní 2023.
- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær farið er út í eyna með minnsta kosti 48 klst fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

- Takmarka skal þann tíma sem dvalið er á svæðinu eins og kostur er.
- Ef upp koma álitamál sem tengjast fararleyfinu skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda gæti þurft fyrir verkefninu.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá afrit af niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Virðingarfyllt

Jón Björnsson
þjóðgarðsvörður

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur